

AUGLÝSING

**um staðfestingu innanríkisráðuneytisins á sameiningu
Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar í eitt sveitarfélag.**

Með vísan til 124. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, tilkynnir ráðuneytið að það hefur í dag staðfest sameiningu Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar í stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur verið ákveðið:

Sameining Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar skal taka gildi 1. janúar 2013.

Heiti hins sameinaða sveitarfélags skal vera Garðabær og skal hið nýja sveitarfélag nota núverandi kennitölu Garðabæjar (570169-6109) og sveitarfélagsnúmer (1300).

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum tveimur.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Íbúar beggja sveitarfélaganna skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi:

Núverandi bæjarstjórn Garðabæjar skal taka yfir stjórn hins nýja sveitarfélags til loka kjör-tímabilsins eða til 14. júní 2014.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness skal skipa áheyrnarfulltrúa með búsetu á Álftanesi í allar fastanefndir hins nýja sveitarfélags, sem starfa samkvæmt 58. gr. samþykktar um stjórn og fundarskóp bæjarstjórnar Garðabæjar, nr. 541/2011, sbr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Núverandi bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness starfar sem hverfastjórn samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt um stjórn og fundarskóp bæjarstjórnar Garðabæjar, nr. 541/2011, skal gilda um hið nýja sveitarfélag, þar til það hefur sett sér nýja samþykkt, sbr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. ákvæði til bráðabírgða í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Kjósa skal 7 fullrúa í bæjarstjórn hins sameinaða sveitarfélags við almennar sveitarstjórnarkosningar vorið 2014 samkvæmt 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnna nr. 5/1998, sbr. þó 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Innanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2012.

Ögmundur Jónasson.

Hermann Sæmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2012